

**REGLUGERÐ**  
**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 958/2020,**  
**um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.**

1. gr.

Í stað „30“ í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 20.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til viðbótar við ákvæði reglugerðar þessarar skulu á gildistíma reglugerðarinnar gilda eftirfarandi takmarkanir í sveitarfélögunum Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ og Kópavogsbæ: Í stað 1 metra nálægðartakmörkunar í leikskólum, sbr. 1., 2. og 4. mgr. 3. gr., grunnskólum, sbr. 1. og 3. mgr. 4. gr., framhaldsskólum, sbr. 1. og 4. mgr. 5. gr., og háskólum, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal gilda 2 metra nálægðartakmörkun.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi 7. október 2020.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 6. október 2020.*

F. h. r.

**Ásta Valdimarsdóttir.**

*Ásthildur Knútsdóttir.*